

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 241/2022

frá 23. september 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/723 frá 26. febrúar 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar að koma á fót opinberri skrá yfir aðila sem hvert aðildarríki tilnefnir til að hafa eftirlit með þroskunarferli brenndra drykkja ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1235 frá 12. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 með reglum er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar og skrána ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1334 frá 27. maí 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar óbeinar tilvitnanir til lögheita brenndra drykkja eða til landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki í lýsingu, kynningu og merkingu annarra brenndra drykkja ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1335 frá 27. maí 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar merkingu brenndra drykkja sem kemur til vegna samsetningar brennds drykkjar og einna eða fleiri matvæla ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1465 frá 6. júlí 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar skilgreiningu á óbeinum tilvitnunum til lögheita brenndra drykkja eða til landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki og notkun þeirra í lýsingu,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 155, 5.5.2021, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 289, 12.8.2021, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 289, 12.8.2021, bls. 4.

kynningu og merkingu annarra brenndra drykkja en þeirra brenndu drykkja sem óbeina tilvitnunin vísar til ⁽⁵⁾.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/198 frá 13. febrúar 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 að því er varðar að koma á fót skrá yfir landfræðilegar merkingar sem njóta verndar í geiranum fyrir kryddblandaðar vínafurðir og innfærslu landfræðilegra sérmerkinga, sem fyrir eru, í þessa skrá ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/717 frá 26. apríl 2021 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Nagykunsági szilvapálinka“) ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/724 frá 3. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar samskipti aðildarríkja við framkvæmdastjórnina með tilliti til aðila sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferli brenndra drykkja og lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að farið sé að ákvæðum þeirrar reglugerðar ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1236 frá 12. maí 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, andmælameðferð, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar, notkun tákns og eftirlit ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1265 frá 26. júlí 2021 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Bayerischer Bärwurz“) ⁽¹⁰⁾.
- 11) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1291 frá 28. júlí 2021 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 321, 13.9.2021, bls. 12.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 42, 14.2.2020, bls. 8.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 151, 3.5.2021, bls. 8.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 155, 5.5.2021, bls. 3.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 10.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 32.

reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Demerara Rum“) (11).

- 12) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1343 frá 10. ágúst 2021 um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er skráð sem landfræðileg merking [Újfehértói meggypálinka] (12).
- 13) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1419 frá 24. ágúst 2021 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Nagykunsági birspálinka“) (13).
- 14) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1687 frá 14. september 2021 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Madarasi birspálinka“) (14).
- 15) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2262 frá 13. desember 2021 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Bayerischer Blutwurz“) (15).
- 16) Framseld reglugerð (ESB) 2021/1235 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 (16), sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 17) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um brennda drykki. Ákvæði löggjafar um brennda drykki skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 18) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

(11) Stjórið. ESB L 281, 4.8.2021, bls. 1.

(12) Stjórið. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 25.

(13) Stjórið. ESB L 305, 31.8.2021, bls. 8.

(14) Stjórið. ESB L 332, 21.9.2021, bls. 4.

(15) Stjórið. ESB L 455, 20.12.2021, bls. 18.

(16) Stjórið. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 21.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„1. Eftirfarandi er bætt við 9. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787):

- **32021 R 1334:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1334 frá 27. maí 2021 (Stjtið. ESB L 289, 12.8.2021, bls. 1).
- **32021 R 1335:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1335 frá 27. maí 2021 (Stjtið. ESB L 289, 12.8.2021, bls. 4).
- **32021 R 1465:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1465 frá 6. júlí 2021 (Stjtið. ESB L 321, 13.9.2021, bls. 12).“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 9ak (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/518):

„9al. **32021 R 0717:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/717 frá 26. apríl 2021 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Nagykunsági szilvapálinka“) (Stjtið. ESB L 151, 3.5.2021, bls. 8).

9am. **32021 R 0723:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/723 frá 26. febrúar 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar að koma á fót opinberri skrá yfir aðila sem hvert aðildarríki tilnefni til að hafa eftirlit með þroskunarferli brenndra drykkja (Stjtið. ESB L 155, 5.5.2021, bls. 1).

9an. **32021 R 0724:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/724 frá 3. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar samskipti aðildarríkja við framkvæmdastjórnina með tilliti til aðila sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferli brenndra drykkja og lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að farið sé að ákvæðum þeirrar reglugerðar (Stjtið. ESB L 155, 5.5.2021, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 1. mgr. 3. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „25. ágúst 2021“ sem „þremur mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. september 2022“.

9ao. **32021 R 1235:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1235 frá 12. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 með reglum er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar og skrána (Stjtið. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 1).

9ap. **32021 R 1236:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1236 frá 12. maí 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 er varða umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum á brenndum drykkjum, andmælameðferð, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun skráningar, notkun tákns og eftirlit (Stjtið. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 13. gr.:

„Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn, skulu samskipti lögbærra yfirvalda í EFTA-ríkjunum við framkvæmdastjórnina samkvæmt 1. mgr. 13. gr. fylgja málsmeðferðinni sem sett er fram í b-lið. 4. liður bókunar 1 gildir ekki um 13. gr.“

9aq. **32021 R 1265:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1265 frá 26. júlí 2021 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Bayerischer Bärwurz“) (Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 32).

9ar. **32021 R 1291:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1291 frá 28. júlí 2021 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Demerara Rum“) (Stjtið. ESB L 281, 4.8.2021, bls. 1).

9as. **32021 R 1343:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1343 frá 10. ágúst 2021 um samþykki fyrir breytingum á nákvæmri skilgreiningu fyrir brenndan drykk en heiti hans er skráð sem landfræðileg merking [Újfehértói meggypálinka] (Stjtið. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 25).

9at. **32021 R 1419:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1419 frá 24. ágúst 2021 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Nagykunsági birspálinka“) (Stjtið. ESB L 305, 31.8.2021, bls. 8).

9au. **32021 R 1687**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1687 frá 14. september 2021 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Madarasi birspálínka“) (Stjtið. ESB L 332, 21.9.2021, bls. 4).

9av. **32021 R 2262**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2262 frá 13. desember 2021 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 („Bayerischer Blutwurz“) (Stjtið. ESB L 455, 20.12.2021, bls. 18).“

3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 9ba (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/670):

„9bb. **32020 R 0198**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/198 frá 13. febrúar 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 að því er varðar að koma á fót skrá yfir landfræðilegar merkingar sem njóta verndar í geiranum fyrir kryddblandaðar vínafurðir og innfærslu landfræðilegra sérmerkinga, sem fyrir eru, í þessa skrá (Stjtið. ESB L 42, 14.2.2020, bls. 8).“

4. Texti liðar 9a (framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 716/2013) fellur brott.

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2021/723, (ESB) 2021/1235, (ESB) 2021/1334, (ESB) 2021/1335 og (ESB) 2021/1465 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2020/198, (ESB) 2021/717, (ESB) 2021/724, (ESB) 2021/1236, (ESB) 2021/1265, (ESB) 2021/1291, (ESB) 2021/1343, (ESB) 2021/1419, (ESB) 2021/1687 og (ESB) 2021/2262 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

ÓOPINBER ÞÝÐING